

**2004 nr. 33 7. maí****Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda**

Tóku gildi 1. október 2004, sjá þó 29. gr. Breytt með: L. 114/2004 (tóku gildi 13. nóv. 2004). L. 68/2006 (tóku gildi 30. júní 2006). L. 166/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 52/2012 (tóku gildi 26. júní 2012). L. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013). L. 60/2014 (tóku gildi 31. des. 2014; *EES-samningurinn*: XIII. viðauki tilskipun 2000/59/EB, 2005/35/EB). L. 44/2017 (tóku gildi 17. júní 2017; *EES-samningurinn*: XIII. viðauki tilskipun 2009/123/EB, XX. viðauki tilskipun 2008/99/EB). L. 88/2018 (tóku gildi 29. júní 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

□ Þá er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

**■ 2. gr. Gildissvið.**

□ Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi . . . <sup>1)</sup> og í mengunarlögsögu Íslands, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

□ Lögin gilda einnig um íslensk skip utan mengunarlögsögu Íslands eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

□ Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannlíf eða tryggja öryggi, svo og aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna óviðráð-anlegra ytri atvika.

<sup>1)</sup> L. 114/2004, 1. gr.

**■ 3. gr. Skilgreiningar.**

□ Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

[1. *Aðstaða í höfnum fyrir úrgang frá skipum og farmleifar*: Hvers konar aðstaða eða þjónusta, hvort sem hún er föst eða hreyfanleg, sem nota má til að taka á móti úrgangi frá skipum og farmleifum.]<sup>1)</sup>

[2.]<sup>1)</sup> *Besta fáanleg tækni*: Framleiðsluáferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluáferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með „fáanlegri tækni“ er átt við aðgengilega framleiðsluáferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með „bestu“ er átt við virkustu áferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

[3.]<sup>1)</sup> *Bráðamengun*: Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

[4. *Farmleifar*: Leifar hvers konar farms um borð, í lestum eða tönkum, sem eftir verða að lokinni affermingu og hreinsun, þar á meðal umframmagn og leki í tengslum við fermingu eða affermingu.]<sup>1)</sup>

[5.]<sup>1)</sup> *Fljótandi efni*: Vökvar með lægri gufubrýsting en 2,8 kg/sm<sup>2</sup> við 37,8°C.

[6.]<sup>1)</sup> *Flutningur olíu, hættulegra efna og eitrefna*: Flutningar á efnum sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um sjóflutninga á hættulegum varningi, IMDG-kóðann, um sjóflutninga á hættulegum efnum í farmgeymum skipa, IBC-kóðann, um flutning á olíu í farmgeymum skipa, eða ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum, þ.e. þeim efnum sem falla undir viðauka I, II og III í MARPOL-samningnum, þegar þau eru flutt sem farmur í skipum, og efnum sem flokkuð eru sem hættuleg á landi.

[7.]<sup>1)</sup> *Hafnarsvæði*: Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnararyfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnarreglugerðum og sá hluti strandar sem skilgreindur er sem hafnarsvæði samkvæmt aðalskipulagi á hverjum stað.]<sup>2)</sup>

[8.]<sup>1)</sup> *Kjölfestuvatn*: Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölrlistu, stöðugleika eða álagi skips.

[9.]<sup>1)</sup> *Losun*: Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki losun:

a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lög-mætum tilgangi en að farga þeim,

b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið [nema um sé að ræða efni frá kolvetnisvinnslu eða borunum tengdum henni],<sup>3)</sup>

c. að kasta í hafið ónumum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu.

[10.]<sup>1)</sup> *Lýsi og grútur*: Allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og niðurbrotsefni þeirra.

[11.]<sup>1)</sup> *Mengun*: Þegar örverur, efni og efnasambönd, [þ.m.t. efni sem falla undir I. og II. viðauka við MARPOL-samninginn],<sup>1)</sup> og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

[12.]<sup>1)</sup> *Mengunarlögsaga Íslands*: Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.]<sup>4)</sup>

[13.]<sup>1)</sup> *Mengunartjón*: Tjón eða skaði sem hlýst af mengun hafs og stranda hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

[14.]<sup>1)</sup> *Netlög*: Sjávarbelti 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

[15.]<sup>1)</sup> *Olía*: Vökvakennd olíufefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, smurolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.

[16.]<sup>1)</sup> *Olíuflutningaskip*: Skip sem er smíðað eða breytt og aðallega er ætlað til að flytja olíu í lausu í farmrymum, þ.m.t. fjölnota skip og sérhvert efnaflytningaskip, eins og það er skilgreint í viðauka II við MARPOL-samninginn, þegar það flytur olíufarm eða hluta af olíufarmi í lausu.

[17.]<sup>1)</sup> *Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur*: Rekstrarúrgangur, þ.m.t. umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.

[18.]<sup>1)</sup> *Rekstrarúrgangur*: Úrgangur frá framleiðslu, t.d. pappír, pappi, umbúðir og umbúðaefni, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu og þess háttar.

[19.]<sup>1)</sup> *Sérhafsvæði*: Hafsvæði sem tilteknað reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.

[20.]<sup>1)</sup> *Skipaviðgerðarstöð*: Aðstaða þar sem skip eru tekin á land, svo sem slippur eða flotkví.

[21.]<sup>1)</sup> *Skolp frá skipum*: Frárennsli eða annar fljóttandi úrgangur frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.

[22.]<sup>1)</sup> *Sorp frá skipum*: Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgangur frá vistarverum, svo og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur.

[23.]<sup>1)</sup> *Strönd*: Svæði milli hæstu og lægstu sjávarstöðu.

[24.]<sup>1)</sup> *Umhverfi*: samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

[25.]<sup>1)</sup> *Úrgangur*: Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

[26.] *Úrgangur frá skipum*: Allur úrgangur, þ.m.t. skolp og leifar aðrar en farmleifar, sem verður til við störf um borð í skipi og fellur undir gildissvið I., IV. og V. viðauka við MARPOL-samninginn, svo og farmtengdur úrgangur eins og hann er skilgreindur í viðmiðunarreglum um framkvæmd V. viðauka við MARPOL-samninginn.<sup>1)</sup>

[27.]<sup>1)</sup> *Varp*: Þegar efnum eða hlutum er vísitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum er sókkt í hafið, þ.e. allt sem ekki er losun. Eftirfarandi telst ekki varp:

- að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lög-mætum tilgangi en að farga þeim,
- þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
- að kasta ónnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu í hafið.

[28.]<sup>1)</sup> *Vöktun*: Kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 52/2012, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 114/2004, 2. gr. <sup>4)</sup> L. 166/2008, 21. gr.

## II. kafli. Stjórn og skipan.

### ■ 4. gr. Yfirstjórn og eftirlitsaðilar.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögnum.

□ Umhverfisstofnun undir yfirstjórn [ráðherra]<sup>1)</sup> hefur eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögnum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins, sem undir stofnunina heyra, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum í umboði stofnunarinnar. Skál í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila eða við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit eftir því sem við á. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd framkvæmd þvingunarúrræða samhliða eftirliti.

□ Umhverfisstofnun skal sjá um að mengun hafs og stranda sé vöktuð.

□ Umhverfisstofnun skal sjá um gerð fræðsluefnis og fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.

□ Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn [hlutaðeigandi ráðherra],<sup>1)</sup> annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó. Landhelgisgæsla Íslands tilkynnir Umhverfisstofnun og lögreglufröðingjum um svæði þar sem mengun getur borist á land ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á mengun hafs eða stranda. [Samgöngustofa]<sup>2)</sup> . . . <sup>3)</sup> annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. lög um eftirlit með skipum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 382. gr. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 26. gr. <sup>3)</sup> L. 162/2010, 240. gr.

### ■ 5. gr. Ráðgjafaraðilar.

□ Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, . . . <sup>1)</sup> [Hafrannsóknastofnun],<sup>2)</sup> landlæknisembættið, [Samgöngustofa, Vegagerðin],<sup>3)</sup> heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, ríkislögreglustjóri og Geislavarnir ríkisins eru ráðherra til ráðgjafar um þau atriði sem að lögum þessum lúta og heyra undir starfsemi þeirra.

<sup>1)</sup> L. 68/2006, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 157/2012, 16. gr. <sup>3)</sup> L. 59/2013, 26. gr.

## III. kafli. Framkvæmd almennra ákvæða laganna.

### ■ 6. gr. Reglugerðir um verndun hafs og stranda.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á í samráði við [þann ráðherra er fer með samgöngumál og þann ráðherra er fer með málefni sjávarútvegs],<sup>1)</sup> . . . <sup>2)</sup> og Samband íslenskra sveitarfélaga, í reglugerðir almenn ákvæði um:

- a. losun olíu og olúblandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þ.m.t. á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,<sup>3)4)</sup>
- b. takmörkun á olúmagni í fráveituvatni sem heimilt er að leiða til sjávar,
- c. bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur þar sem slíkt hefur verið skilgreint,
- d. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,<sup>5)</sup>
- e. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,<sup>6)</sup>
- f. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,<sup>5)</sup>
- g. flokkun fljóttandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og ákvæði um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,<sup>4)</sup>
- h. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
- i. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
- j. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,<sup>4)</sup>
- k. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,<sup>7)</sup>
- l. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,<sup>8)</sup>
- m. takmörkun eða bann við losun kjölfestuvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins,<sup>9)</sup>

n. bann eða takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í viðauka II með lögum þessum,<sup>10</sup>

o. varp efna og hluta í hafið,

p. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjáv-arleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,<sup>11</sup>

q. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rann-sóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífver-um og á hafsbotni skuli fara fram,

r. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi,

s. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heim-ilt er að vísa til erlendra frumútgáfu efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,<sup>4</sup>

t. [varnir og viðbrögð við bráðamengun, flokkun hafna og nauðsynlegan mengunarvarnabúnað í hverri höfn eða flokki hafna sem og rekstur og notkun hans, upplýsinga-skyldu, skylda eftirlitsaðila til samvinnu, viðbragðsáætlanir, stjórn á veltvangi, samkomulag stofnana, sbr. 14. gr., verk-efni og verksvið mengunarvarnaráðs],<sup>12</sup><sup>13</sup>

u. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,<sup>5</sup>

v. bann eða takmörkun á mengun frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,<sup>5</sup><sup>14</sup>

w. ábyrgðir og tryggingar vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun í samræmi við ákvæði gild-andi laga,<sup>15</sup>

x. umskipun efna, sbr. viðauka II, innan mengunarlög-sögu Íslands,<sup>16</sup>

y. önnur sambærileg atriði.

□ Í reglugerðum sem ráðherra setur samkvæmt lögum þess-um er heimilt að vísa í gildandi staðla.

□ Leita skal umsagnar aðila atvinnulífsins og landssamtaka um umhverfisvernd áður en reglugerðir eru settar.

□ Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á Landhelgisgæslu Íslands, [Samgöngustofu og Vegagerðarinnar],<sup>17</sup> veitt tíma-bundna undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessari grein, en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 382. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 240. gr. <sup>3)</sup> Rg. 8/1971. <sup>4)</sup> Rg. 586/2017. Augl. C 2/2017. <sup>5)</sup> Rg. 884/2017. <sup>6)</sup> Rg. 809/1999. <sup>7)</sup> Rg. 1200/2014, sbr. 1280/2016. <sup>8)</sup> Rg. 1200/2014, sbr. 1280/2016. <sup>9)</sup> Rg. 515/2010. <sup>10)</sup> Rg. 796/1999, sbr. 533/2001, 913/2003 og 955/2011. <sup>11)</sup> Rg. 600/2018. <sup>12)</sup> L. 52/2012, 2. gr. <sup>13)</sup> Rg. 1010/2012. <sup>14)</sup> Rg. 824/2005, sbr. 827/2010. <sup>15)</sup> Rg. 1078/2005. Rg. 124/2015, sbr. 46/2016, 528/2018 og 1084/2019. <sup>16)</sup> Rg. 800/2004. <sup>17)</sup> L. 59/2013, 26. gr.

#### ■ 7. gr. Um ábyrgð einstaklinga og lögaðila.

□ Hver sá sem veldur mengun í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem rakið verður til mengunarinnar. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

□ Ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleyfi valda öðrum.

□ Þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu.

Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutninga-skip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum úr-gangi sem er eftir í skipinu þegar það kemur til stöðvarinnar til geymslu eða flutnings. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Umhverfisstofnunar jafnan hafa greiðan aðgang að þessu bókhaldi.

#### ■ 8. gr. Bann við losun í hafið.

□ Losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri. Olíumagn blöndu við útrás skal að hámarki vera 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar. Olíublandað fráveitu-vatn sem losað er í sjó skal leitt um olíuskilju sem uppfyllir gildandi staðla.

□ Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við löndun fisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu fisks í landi, skal vinnsluaðili sjá um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút.

□ Losun fljótandi efna frá skipum er að öðru leyti óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er heimil.

□ [Óheimilt er að losa sorp og farmleifar frá skipum á hafsvæði innan tólf sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu. Heimilt er að losa kvarnaðan matarúrgang utan þriggja sjómílna frá landi samkvæmt nánara ákvæði í reglu-gerð, sbr. k-lið 1. mgr. 6. gr.

□ [Losun skolps frá skipum er óheimil á hafnarvæðum og á svæðum innan við 300 m frá stórstraumsfjörborði. Skipum sem eru 400 brúttótonn eða stærri og skipum sem skráð eru til að flytja 15 manns eða fleiri en eru minni en 400 brúttó-tonn er óheimilt að losa skolp innan tólf sjómílna frá grunn-línu landhelginnar. Heimilt er að losa skolp, sem hefur verið meðhöndlað í hreinsikerfi samþykktu af Samgöngustofu eða sambærilegu stjórnvaldi annars ríkis, utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um losun skolps innan íslenskrar mengunarlögsögu.]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

□ [Losun mengandi efna, sem upp eru talin í viðauka I og II við MARPOL-samninginn, þ.m.t. minni háttar tilvik slíkrar losunar frá skipum sem ekki leiðir til þess að gæði vatns spillist, er óheimil. Þetta á við um losun jafnt á úthöfum sem og í mengunarlögsögu Íslands. Þó er losun mengandi efna heimil að uppfylltum skilyrðum um notkun bestu fánlegrar tækni við mengunarvarnir um borð og bestu umhverfisvenjur þar sem slíkt hefur verið skilgreint. Losun mengandi efna er einnig heimil að uppfylltum skilyrðum um flokkun fljótandi efna sem eru flutt í fargeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og skilyrðum um takmörkun á losun þeirra efna sem eru talin hættuleg í hafið samkvæmt nánari ákvæðum í viðauka I og II við MARPOL-samninginn. Losun mengandi efna frá skipum telst ekki brot gegn ákvæði þessu ef losunina leiðir af skemmdum á skipi eða búnaði þess.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á hlut-

aðeigandi heilbrigðisnefndar að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar. Heimilt er að binda undanþáguna skilyrðum, svo sem um að hreinsun fari fram.

<sup>1)</sup> L. 44/2017, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 60/2014, 2. gr.

■ **9. gr. Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjavarleiðslna.**

□ Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],<sup>1)</sup> veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,

b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,

c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

□ Lagning sæstrengja og neðansjavarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar [og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Hafi tillaga að strandsvæðisskipulagi verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Umhverfisstofnun heimilt að fresta afgreiðslu á beiðni þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir viðkomandi svæði. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 157/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2018, 18. gr.

■ **10. gr. Brennsla úrgangsefna á hafi úti.**

□ Óheimilt er að brenna úrgang eða önnur efni á hafi úti. Heimilt er þó að brenna eigið sorp í þar til gerðum efnum í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem tekið skal tillit til ákvæða í gildandi samningum um brennslu úrgangsefna á hafi úti og þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

■ **11. gr. [Móttaka úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnunum.**

□ Hafnarstjórn skal koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í öllum höfnum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er jafnan koma í viðkomandi höfn.

□ Hafnarstjórn er heimilt að fela þjónustuaðila með samningi umsjón með móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 3. gr.

■ **[11. gr. a. Afhending úrgangs frá skipum.**

□ Skipstjóri ber ábyrgð á því að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipi heimilt að halda til næstu viðkomuhafnar án þess að afhenda úrgang ef ráða má af þeim upplýsingum sem gefnar eru í tilkynningu skv. II. viðauka við reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum, sbr. 3.–5. mgr. 12. gr., að nægilegt sérhæft geymslurými sé um borð fyrir þann úrgang sem safnast hefur fyrir og mun safnast fyrir meðan á fyrirhugaðri ferð til afhendingarhafnar stendur.

□ Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæði 1. mgr. fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á tryggja afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 4. gr.

■ **[11. gr. b. Afhending farmleifa.**

□ Skipstjóri skips sem hefur viðkomu í höfn skal tryggja að

farmleifar séu afhentar í þar til gerðri aðstöðu hafnarinnar fyrir móttöku úrgangs og farmleifa.

□ Notandi hafnaraðstöðu skal greiða gjald fyrir afhendingu farmleifa. Eingöngu skal greiða gjald þegar farmleifar eru að sönnu afhentar og skal gjaldið standa undir kostnaði við móttöku, meðhöndlun og förgun farmleifa. Við ákvörðun fjárhæðar gjalda skal tekið mið af tegund og magni þeirra farmleifa sem afhentar eru.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 4. gr.

■ **[11. gr. c. Úrgangsgjald.**

□ Öll skip, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota . . . <sup>1)</sup> og skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum, sbr. f-lið 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

□ Gjaldið skal standa undir kostnaði við aðstöðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar. Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið, eftir því sem við á, af fjölda skipverja og farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.

□ Gjald skv. 1. mgr. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Veita má undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á tryggja afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni.

□ Ráðherra setur í reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um útfærslu og uppbyggingu gjalds skv. 1. og 2. mgr.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 44/2017, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1201/2014. <sup>3)</sup> L. 60/2014, 4. gr.

■ **[11. gr. d. Eftirlit.**

□ Umhverfisstofnun hefur eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum, tilkynningum um úrgang, áætlunum hafna og að til staðar sé aðstaða fyrir móttöku úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs, útgáfu starfsleyfa fyrir meðhöndlun hans og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs.

□ Umhverfisstofnun gerir úttekt á a.m.k. fimm ára fresti á því hvort aðstaða í höfnum fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum sé í samræmi við samþykktu áætlun hafnar. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með losun úrgangs frá skipum á grundvelli upplýsinga frá höfnunum. Umhverfisstofnun gerir eftirlitsáætlun þar sem eftirlitið er útfært nánar.

□ Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir reglulegt eftirlit stofnunarinnar með aðstöðu í höfnum fyrir úrgang og farmleifar og meðhöndlun og losun úrgangs og farmleifa frá skipum. Í gjaldskrá skal tekið mið af kostnaði sem eftirlit Umhverfisstofnunar hefur í för með sér.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 4. gr.

■ **12. gr. Tilkynningarskylda.**

□ Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lög þessi ná til innan mengunarlögsögu Íslands, sem og á strendur, nema um sé að ræða varp og losun sem sérstaklega er heimil samkvæmt lögnum. Tilkynningarskyldan nær einnig til íslenskra skipa utan mengunarlögsögu Íslands eftir því sem við á og Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum. Landhelgis-

gæslan skal framsenda tilkynningar svo fljótt sem auðið er til Umhverfisstofnunar.

□ Skip sem flytja olíu og/eða hættulegan varning innan mengunarlögsögu Íslands skulu senda vaktstöð siglinga, sbr. lög um vaktstöð siglinga, tilkynningar um eftirtalin atriði sem lúta að farmi, komu, brottför og ferðum innan mengunarlögsögu Íslands:

a. um magn og tegund farms,  
b. með sex klukkustunda fyrirvara um komu í og siglingu út úr mengunarlögsögunni, svo og um staðsetningu,

c. meðan á siglingu þeirra í mengunarlögsögunni stendur, á sex klukkustunda fresti, um staðsetningu, stefnu og hraða,

d. með þriggja klukkustunda fyrirvara um komu í og brottför úr höfn.

□ [Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar en er hvorki fiskiskip né skemmtibátur sem ekki má flytja fleiri en 12 farþega, ber ábyrgð á að tilkynning um úrgang og farmleifar í skipum, sbr. viðauka II við reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum, sé fyllt út með réttum upplýsingum og komið til viðkomandi hafnaryfirvalda:

a. með 24 klukkustunda fyrirvara áður en komið er til hafnar ef viðkomuhöfn er þekkt; eða

b. um leið og viðkomuhöfn er ákveðin ef 24 klukkustunda fyrirvari næst ekki; eða

c. áður en lagt er úr fyrri höfn ef sjóferðin er skemmri en 24 klukkustundir.

□ Útfyllt tilkynning um úrgang og farmleifar í skipum skv. 3. mgr. skal geymd um borð í skipi þar til komið er til næstu viðkomuhafnar.

□ Hafnaryfirvöld skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar berist Umhverfisstofnun, svo sem samantekt á tilkynningum um úrgang og farmleifar auk yfirlits yfir magn og tegund þess úrgangs sem skilað hefur verið. Samantekt á framangreindum upplýsingum skal skilað til Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga fyrir 1. mars ár hvert.

□ Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilum tilkynningar fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og geta sýnt fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni. Skylda til að skila tilkynningu skv. 1. mgr. á ekki við um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.<sup>1)</sup>

□ Vaktstöð siglinga skal miðla tilkynningum skv. 2. mgr. til Landhelgisgæslunnar.

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 5. gr.

#### IV. kafli. Bráðamengun.

##### ■ 13. gr. [Mengunarvarnaráð hafna.

□ Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal ráðherra skipa [átta fulltrúa]<sup>1)</sup> í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjú fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa, og skal hann vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og [Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor].<sup>1)</sup> Þeir sem tilnefna fulltrúa í mengunarvarnaráð skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í ráðinu.

□ Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,

b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,

c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnaráði í höfnum landsins og

d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 52/2012, 3. gr.

##### ■ [13. gr. a. Tilkynningar.

□ Tilkynna skal um bráðamengun innan hafnarsvæðis til viðkomandi hafnarstjóra sem grípur til viðeigandi ráðstafana.

□ Tilkynna skal um óhöpp á sjó utan hafnarsvæða til vaktstöðvar siglinga. Vaktstöð siglinga kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar sem gerir viðeigandi ráðstafanir í samræmi við viðbragðsáætlanir.

□ Mengunaróhöpp á landi skal tilkynna til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 52/2012, 4. gr.

##### ■ 14. gr. Framkvæmd og stjórn á vettvangi.

□ Um framkvæmd og stjórn á vettvangi gildir eftirfarandi:

a. [Bráðamengun innan hafnarsvæða: Hafnarstjóri ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem fer með stjórn á vettvangi. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Eftir að bráðaaðgerðum lýkur getur hafnarstjóri óskað eftir því að heilbrigðisnefnd hafi umsjón með frekari hreinsun umhverfis. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með bráðaaðgerðum og ákveður hvenær árangur af hreinsun er nægur. Hafnarstjóri getur kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar telji hann ástæðu til. Telji Umhverfisstofnun nauðsyn á frekari aðgerðum er stofnuninni heimilt að hlutast til um þær.]<sup>1)</sup>

b. [Bráðamengun utan hafnarsvæða: Við óhapp sem leiðir til eða getur leitt til bráðamengunar hafs og stranda utan hafnarsvæða skal Umhverfisstofnun gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við viðbragðsáætlanir. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Umhverfisstofnun getur farið fram á að heilbrigðisnefnd fari á vettvang og meti umfang bráðamengunar og nauðsynlegar aðgerðir og tilkynni Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eða öðrum aðilum í umboði stofnunarinnar umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar. Umhverfisstofnun, [Samgöngustofa, Vegagerðin]<sup>2)</sup> og Landhelgisgæsla Íslands skulu gera skriflega aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna og um framkvæmd einstakra verkþátta.]<sup>1)</sup>

□ Heimilt er að fela mengunarvaldinum sjálfum framkvæmd hreinsunar. Í slíkum tilvikum verður mengunarvaldurinn að leggja fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni.

□ Sé talið að mönnum geti stafað hættu af menguninni ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.

□ Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra. [Ef umfang eða eðli mengunar er slíkt að ætla megi að almenningi stafi hættu af skal nota neyðarskipulag almannavarna.]<sup>1)</sup>

□ [Heimilt er að fela slökkviliðsstjóra umsjón með mengunarvarnabúnaði og stjórn á vettvangi við bráðamengunaróhöpp með sérstökum samningi eða í einstökum tilvikum þegar við á.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 52/2012, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 26. gr.

■ **15. gr. Íhlutun vegna bráðamengunar.**

□ Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands ekki fylgt. Þetta gildir þó ekki um skip sem eru í rekstri erlendra ríkja og notuð í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti.

□ Eftir því sem unnt er og þörf krefur skal Landhelgisgæsla Íslands hafa samráð við Umhverfisstofnun og hafnarstjóra þegar gripið er til íhlutunar.

□ Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljófast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

■ **16. gr. Vátryggingar.**

□ Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans, sé mengunin af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I. Þessi ábyrgð tekur til tjóns sem nemur allt að 1 milljón SDR. Þeir sem flytja olíu, eiturefni eða hættuleg efni eða stunda atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, svo sem nánar er tilgreint í reglugerð og skal vátryggingarfjárhæðin nema sömu fjárhæð. Nánari ákvæði um vátrygginguna og gildisvið skulu sett í reglugerð.<sup>1)</sup> Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

□ Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og koma í veg fyrir frekari mengun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir, sbr. 14. gr.

□ Ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að eftir því sem lög kveða á um.

<sup>1)</sup> Rg. 1078/2005.

■ **17. gr. Vátryggingar olíuflutningaskipa.**

□ Auk ákvæða 16. gr. gilda um vátryggingu olíuflutningaskipa alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

■ **18. gr. Viðbragðsáætlanir.**

□ Atvinnurekstur sem valdið getur mengun og talinn er upp í a-lið viðauka I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I og mælt er frekar fyrir um í reglugerð.

□ [Umhverfisstofnun skal sjá um gerð viðbragðsáætlana utan hafnarvæða í samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands,

[Samgöngustofnu, Vegagerðina]<sup>1)</sup> og að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr.]<sup>2)</sup>

□ [Viðbragðsáætlanir skulu gerðar fyrir hverja höfn og skulu þær taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Hafnir skulu gera viðbragðsáætlun og senda Umhverfisstofnun til samþykktar.

□ Fyrir 1. mars ár hvert skulu hafnir skila til Umhverfisstofnunar uppfærðri viðbragðsáætlun.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 52/2012, 6. gr.

■ **19. gr. Mengunarvarnabúnaður.**

□ [Hver höfn skal að lágmarki eiga og reka mengunarvarnabúnað í samræmi við flokkun hafnar og áhættumat hennar og eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur. Þó er heimilt að hafnir á tilteknu svæði eigi og reki slíkan mengunarvarnabúnað saman. Leita skal samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir slíkri tilhögun áður en hafnir gera samning sín á milli.

□ Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við bráðamengunaróhöpp utan sem innan hafnarvæða eftir því sem þörf er á. Stofnunin sér um rekstur, endurnýjun og uppbyggingu mengunarvarnabúnaðarins. Umhverfisstofnun ákveður í samráði við mengunarvarnaráð hafna uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

□ Fyrir 1. mars ár hvert skulu hafnir skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um mengunarvarnaefingar árið á undan, notkun mengunarvarnabúnaðar, mat á ástandi hans og þörf á endurnýjun, ásamt upplýsingum um bráðamengunaróhöpp sem orðið hafa í höfninni og hvernig við þeim var brugðist.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 52/2012, 7. gr.

■ **20. gr. Strönduð og sokkin skip, pallar eða önnur mannvirki.**

□ Hafnir skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó strandað þannig að þeim verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Hafnir skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó eða loftför sokkið getur Umhverfisstofnun krafist þess að þau verði fjarlægð. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað eða sokkið skip, pall, loftfar eða annað mannvirki er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli vera óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja hið sokkna skip, pall eða annað mannvirki. Við afgreiðslu málsins skal Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag.

■ **21. gr. Gjaldskrá fyrir eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.**

□ Höfnum . . . <sup>1)</sup> er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi á grunni gjaldskrár sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við starfsemi á vegum hafna vegna mengunar innan hafnarvæða . . . <sup>1)</sup> Gjaldskráin skal lögð til grundvallar við uppgjör við Umhverfisstofnun vegna starfa á vegum . . . <sup>1)</sup> hafna og afnota á mengunarvarnabúnaði í eigu hafna þegar stofnunin ber fjárhagslega ábyrgð á aðgerðum. Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í [tvö ár]<sup>1)</sup> í viðkomandi skipi eða fasteign.

□ Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar [og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga],<sup>1)</sup>

gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og ferðakostnaði hans. Þá skal ráðherra setja í gjaldskrá ákvæði um leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Umhverfisstofnun skal krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í [tvö ár]<sup>1)</sup> eftir gjalddaga í viðkomandi skipi eða fasteign þegar eftirlitið er tengt notkun fasteignar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

□ Um gjaldtöku vegna aðgerða heilbrigðisnefnda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarni.

<sup>1)</sup> L. 52/2012, 8. gr.

## V. kafli. Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.

### ■ 22. gr. Þvingunarúrræði.

□ Til að knýja á um úrbætur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, þar sem það á við, beitt eftirfarandi aðgerðum:

- veitt áminningu,
- veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
- stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun.

□ Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef úrbætur eru ekki gerðar innan tiltekins frests og er þá heimilt, ef með þarf, að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, eftir því sem við á. Sé um slík brot að ræða getur Umhverfisstofnun afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Ef starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna skulu þær afturkalla starfsleyfið í samráði við Umhverfisstofnun.

□ Telji Umhverfisstofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfsemi eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

### ■ 23. gr. Dagektir.

□ Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., ákveðið honum sektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt. Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð dagekta í samræmi við verðlagsþróun. Jafnframt er Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi. Greiðsla kostnaðar og dagektir eru tryggðar með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki, skipi eða mannvirki í [tvö ár]<sup>1)</sup> eftir að greiðslu er krafist.

<sup>1)</sup> L. 52/2012, 9. gr.

### ■ 24. gr. Heimildir eftirlitsaðila.

□ Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., getur látið fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef talin er hætta á mengun hafs og stranda eða ef mengun hefur orðið sem er brot gegn lögum þessum. Umhverfisstofnun leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, [Samgöngustofu, Vegagerðarinnar],<sup>1)</sup>

Geislavarna ríkisins, [Hafrannsóknastofnunar]<sup>2)</sup> og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi viðkomandi eða ónaðsynlegum útgjöldum.

□ Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska þess eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum um athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar hafa verið gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

□ Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim að afhenda sýni endurgjaldslaust sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 157/2012, 16. gr.

### ■ 25. gr. Refsiviðurlög.

□ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum. [Brot gegn 6. mgr. 8. gr. varða viðurlögum samkvæmt ákvæði þessu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.]<sup>1)</sup>

□ [Ítrekuð minni háttar tilvik losunar, sbr. 6. mgr. 8. gr., þar sem hvert tilvik spillir ekki gæðum vatns heldur samansafn tilvika sem leiðir til þess að gæði vatns spillist, teljast refsiverður verknauður hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.]<sup>2)</sup>

□ Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 44/2017, 3. gr.

### ■ [25. gr. a. Refsiábyrgð lögaðila.

□ Gera má lögaðila sekt vegna brots á 6. mgr. 8. gr. og 2. og 3. mgr. 25. gr. óháð sök fyrirsvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Lögaðila verður gerð refsing þótt ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum enda sé brotið gegn ákvæðum 6. mgr. 8. gr. og 2. og 3. mgr. 25. gr. í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

□ Lögaðili ber ábyrgð ef skortur á eftirliti eða umsjón af hans hálfu með losun mengandi efna hefur gert einstaklingi á hans vegum kleift að fremja refsiverðan verknauð í skilningi 6. mgr. 8. gr. og 2. og 3. mgr. 25. gr. í þágu lögaðilans.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 44/2017, 4. gr.

### ■ 26. gr. Sektir.

□ Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

### ■ 27. gr. Farbann.

□ Ef brotið er gegn ákvæðum laga þessara og brotið tengist skipi skal skipið sett í farbann og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt auk málskostnaðar

greidd að fullu, svo og kostnaður eftirlitsaðila. Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.

□ Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar eftirlitsaðila skal vera lögveð í skipinu í [tvö ár].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 52/2012, 9. gr.

## VI. kafli. Ýmis ákvæði.

### ■ 28. gr. Ágreiningur.

□ Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að vísa honum til [ráðherra]<sup>1)</sup> til úrskurðar, [sbr. þó 4. mgr.]<sup>2)</sup>

□ Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

□ Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögum þessum sé að ræða er heimilt að vísa málinu til [ráðherra]<sup>1)</sup> til úrskurðar. Skal ráðherra úrskurða í málinu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en viku eftir að honum berst mál í hendur.

□ [Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er lúta að lagningu sæstrengja og neðansjárleiðslna, sbr. 2. mgr. 9. gr., sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 382. gr. <sup>2)</sup> L. 131/2011, 14. gr.

### ■ [29. gr. Innleiðing.

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða 4. gr. og 7.–10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB, um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum, sem vísað er til í tölu. 56i í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2001 frá 19. júní 2001 auk innleiðingar tilskipunar 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum sem vísað er til í tölu. 56v í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2009 frá 29. maí 2009.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 7. gr.

### ■ [30. gr.]<sup>1)</sup> Gildistaka og lagaskil.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. október 2004. . . . Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum þeirra laga<sup>2)</sup> halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði þessara laga.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 16., 17. og 18. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2006.

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 7. gr. <sup>2)</sup> Þ.e. l. 32/1986; Rg. 33/1990; Rg. 198/1991 (um Mengunarvarnarsjóð). Rg. 107/1998 (um varnir gegn sorpmengun frá skipum). Rg. 797/1999 (um varnir gegn mengun grunnvatns). Rg. 798/1999 (um fráveitur og skólþ). Rg. 799/1999 (um meðhöndlun seyru). Rg. 800/1999 (um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatni). Rg. 801/1999 (um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatni frá atvinnustarfsemi sem stundar rafgreiningu alkalklórlóríða). Rg. 802/1999 (um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatni). Rg. 803/1999 (um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklór-sýklóhexani (HCH) í yfirborðsvatni). Rg. 804/1999 (um varnir gegn mengun vatns af völdum kjöfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri), sbr. 592/2001. Rg. 828/2003 (um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum).

## Ákvæði til bráðabirgða.

### ■ I.

□ Umhverfissráðherra skal í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heil-

brigðisnefndir sveitarfélaga gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006. Hreinsun skal lokið fyrir árslok 2008.

### ■ II.

□ Umhverfissráðherra skipar starfshóp til að undirbúa gildistöku laganna. Starfshópurinn skal starfa þar til lögin hafa að fullu tekið gildi, sbr. 29. gr. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúi umhverfissráðherra, sem jafnframt er formaður, fulltrúi samgönguráðherra, fulltrúi Umhverfisstofnunar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

### Viðauki I.

**A. Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.**

1. Fiskimjólsværksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olífumalar- og malbikunarstöðvar.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvöðufurframleiðsla.
23. Framleiðsla á slápiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun máлма.
29. Bræðsla og málmblanda máлма sem geta brætt 4 tonn af býi og kadmíum á dag.
30. Yfirborðsmeðferð máлма og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafraeðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 m<sup>3</sup>.
31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.
33. Sláturhús.
34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
36. Flugvellir.
37. Annar sambærilegur atvinnurekstur.
- [38. Rannsóknir og vinnsla kolvetnis innan mengunarlögsögunnar.]<sup>1)</sup>



**B. Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfsemi fyrir umhverfi hafs og strandar.**

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfsemi.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfsemi.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

<sup>1)</sup> L. 166/2008, 22. gr.

**Viðauki II.****Listi yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafid.**

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.

2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olúkennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkell, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.